

Nr. 154 / 10 Sturlaugur H. Böðvarsson AK 10**Skipverji slasast á hendi**

Skipaskr.nr. 1585
Smíðaður: Akranesi 1981 stál
Stærð: 431,2 brl. 712 bt.
Mesta lengd: 50,85 m Skráð lengd: 44,16 m
Breidd: 9 m Dýpt: 6,4 m
Vél: Stork Werkspoor 1590 kW, 1986
Fjöldi skipverja: 15



Sturlaugur H. Böðvarsson ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 28. nóvember 2010 var Sturlaugur H Böðvarsson AK 10 á togveiðum í Víkurál. Veður: S 10 m/s. Ölduhæð 0,5 m.

Búið var að hífa síðustu færur belgsins fram og setja pokastroffuna á. Verið var að strekkja pokagilsinn þegar bakborðshlerinn féll skyndilega niður svo kipptist í bakstroffuna og keðjan kastaðist aftur í skut. Í kastinu slóst krókur í keðjunni í hægri handarbak skipverja sem stóð úti við síðu í bakborðsganginum.

Hann bólgnaði mikið og marðist. Hann leitaði læknis í næstu inniveru.

Við rannsókn kom fram:

- að venju var G-króknum komið fyrir upp á trolllunningunni og því kom kast á hann til hliðar á leiðinni aftur í skut;
- að spilmaður sagðist ekki hafa orðið var við slysið fyrr en hann kom niður um hálf tíma síðar. Hann hafi sennilega annaðhvort tekið í ranga stöng eða rekið sig í togvindu stöngina;
- að fyrirkomulag í stjórnborði, frá sjónarhorni spilmanns, er að togvindurnar eru yst til vinstri gilsavindurnar eru í miðjunni og grandaravindustangir eru yst til hægri en þær eru styttri en hinar.

Nefndarálit:

Orsök slyssins má rekja til mistaka við stjórn vindanna.